

Nýr kjarasamningur við Fræðagarð, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Stéttarfélag lögfræðinga og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, undirritaður 1. mars 2022

Þann 1. mars 2022 skrifuðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Fræðagarðs, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Stéttarfélags lögfræðinga og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga (FHS) undir nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023.

Helstu atriði/breytingar samningsins eru:

Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun

Laun félagsmanna FHS hækka frá 1. janúar 2022 í samræmi við lífskjarasamningshækkanir skv. launatöflum 1 og 1C, um kr. 25.000.

Grein 1.1.4 um önnur laun

Önnur laun hækka um 2,5% þann 1. janúar 2022.

Grein 1.7 um persónuuppbætur:

Persónuuppbætur miðað við 100% starfshlutfall á samningstíma og verða svohljóðandi:

1. maí 2022	kr. 53.000.
1. desember 2022	kr. 124.750.

Grein 14.2.1 um samningsforsendur og atkvæðagreiðslu

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 17. mars 2022. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 18. mars 2022, skoðast samningurinn samþykktur.

Bókanir sem varða launaútreikninga og launagreiðslur:

BÓKUN 2 [2022]

Flutningur starfa úr launatöflu C í starfsmat

Eins fljótt og því verður viðkomið munu þeir starfsmenn sem launaraðast herra skv. starfsmatskerfinu SAMSTARF en þeir gera skv. launaflokkun og röðun sbr. launatöflu C, færast yfir í starfsmat og taka laun skv. starfsmati. Ný launasetning vegna þessara breytinga mun gilda frá og með 1. janúar 2022.

BÓKUN 4 [2022]

Vegna C-hópa starfa hjá Fræðagarði, Félagi íslenskra félagsvísindamanna, Stéttarfélagi bókasafnsog upplýsingafræðinga og Stéttarfélagi lögfræðinga

Aðilar eru sammála um að þau störf félagsmanna ofantalinna félaga sem tilheyra C hópi, sbr. bókun samstarfsnefndar aðila frá 31. janúar 2019, haldi bráðabirgðaröðun sinni óbreyttri samkvæmt launatöflu BHM-C frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023.

Nýir starfsmenn sem ráðnir eru til sveitarfélags/stofnunar í C hópa störf, launaraðast með sama hætti til bráðabirgða samkvæmt launatöflu BHM-C frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023.

Komi til þess á tímabilinu að C hópa störf raðist samkvæmt starfsmati að loknu endurmati/nýju mati, taka þau launaröðun samkvæmt launatöflu starfsmats.